

Umsögn um 970. mál - Ríkisábyrgðir

Samtök skattgreiðenda leggjast eindregið gegn frumvarpinu í núverandi mynd og telja engan veginn vera búið að skoða með hvaða öðrum, og ódýrara hætti, mætti tryggja flugsamgöngur til og frá Íslandi, ef á annað borð er talið að hinn frjálsi markaður muni ekki sjá um slíkt. Það verður að telja líklegt að aðkomu ríkisins þurfi alls ekki til að tryggja flugsamgöngur. Sást það vel eftir fall WOW að fjölmörg flugfélag vildu sækja inn á íslenska markaðinn og má ætla að svo verði áfram. Og í startholunum virðast bíða félög sem leita tækifæris á þessum markaði.

Samtökin gera ekki lítið úr mikilvægi Icelandair fyrir íslenska ferðapjónustu, en telja að engin þörf sé á að flýta för hvað ríkisábyrgð varðar.

Þá gera Samtök skattgreiðenda þá kröfu til þingmanna að þeir geri hreint fyrir sínum dyrum hvað varðar persónulega hagsmuni af því að verja Icelandair falli. Óska samtökin eftir því að hver einasti þingmaður gefi upp:

Hvort þingmaðurinn, maki eða aðrir nákomnir hagsmuni af því að verja Icelandair falli vegna fríðinda sem hann nýtur hjá félaginu? Eða e.t.v. hlutafjáreignar.

- Til þessa má telja, án þess að upptalning teljist tæmandi;
 - hver er staða viðkomandi í vildarkorta- og ferðapunktum
 - er viðkomandi silfur- eða gullkortshafi í Vildarklúbb Icelandair
 - er viðkomandi handhafi hlutafjár í Icelandair

Samtök skattgreiðenda óska þess að hver einasti þingmaður gefi þessi atriði upp fyrir atkvæðagreiðslu um frumvarpið svo ekki leiki vafi á að persónulegir hagsmunir hafi ekkert með afstöðu þingmanna að gera. Má þannig koma í veg fyrir eftiráspeki og gagnrýni í þeim efnum.

Virðingarfyllst,
Samtök skattgreiðenda

Skafti Harðarson